

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. október 2008  
Tilvísun: UST20080800055/áb

### Aksturs- og skotæfingasvæði í Kapelluhrauni, Hafnarfirði.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 15. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða framkvæmdir við 80 hektara aksturs- og skotæfingasvæði í Kapelluhrauni. Helsti gróður er mosagróður, graslendi og einstaka birkirunni. Um það bil þriðji hluti svæðinu liggur á apalhrauntungu sem er búið að raska í tengslum efnistöku, við gerð kvartmílubrautar og skotæfingasvæðis. Á röskuðu svæði á hrauntungunni er ætlunin að bæta við brautum fyrir ökukennslu, Go-kart, hringakstur, sandspyrnu og byggja tilheyrandi húsnæði. Sunnan við hrauntunguna er óraskað eldra hraun þar sem áætluð hverfisvernduð svæði liggja. Handan við hverfisvernduðu svæðin eru áætlaðar tvær brautir fyrir torfæruhjól (torfæruhjól). Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki falla undir 6. grein laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

### Hljóðvist

Verkfræðistofan Línuhönnun hefur gert hljóðvistargreiningu fyrir aksturs- og skotæfingasvæðin í Kapelluhrauni. Þar kemur fram að hámarkshljóðstyrkur nálægt hljóðuppsprettu getur legið á bilinu 110-130 dB(A), en stutt dvöl í hávaði yfir 115 dB(A) getur valdi varanlegum heyrnarskemmdum. Það kom einnig í ljós að jafnaðarhljóðstig fyrir akstur torfæruhjóla getur orðið 50 -65 dB(A) fyrir aðliggjandi íbúðarsvæði. Það er yfir 55 dB(A) viðmiðunarmörkum fyrir slík svæði, skv. ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Þegar 7 metra hárrí hljóðmön með 3ja metra háum vegg er prófuð sem mótvægisáðgerð er hávaðinn ennþá yfir 55 dB(A) viðmiðunarmörkunum á íbúðarsvæði sunnan við aksturssvæðið. Tilvist margra brauta fyrir aksturíþróttir á sama svæði leiðir einnig til sammögnunaráhrifa. Við það bætast áhrif frá skotæfingasvæðinu og hugsanlegur hávaði frá aðliggjandi iðnaðarsvæði.

Inni á framkvæmdasvæðinu eru hverfisvernduð svæði sem liggja að fyrirhuguðum brautum fyrir torfæruhjól. Engar hljóðvarnir eru áætlaðar til að bæta hljóðvist á hverfisvernduðu svæðunum. Það skerðir mjög útivistargildi þessara svæða.

Ljóst er að jafnaðarhljóðstig fer yfir viðmiðunarmörk hjá aðliggjandi íbúðarhúsnæði ásamt því að rýra mjög útivistargildi hverfisverndaðra svæða. Ef einnig er tekið með í reikninginn að aksturs- og skotæfingasvæðið verði í notkun flesta daga vikunnar telur Umhverfisstofnun að aksturs- og skotæfingasvæðis muni hafa umtalsverð áhrif á hljóðvist fyrrgreindra svæða.

### **Landslag/sjónræn áhrif**

Kvartmílubrautin liggur á nýlegri hrauntingu sem er búið slétta nema sjálfa jaðarinn, þar sem fyrirhuguð hverfisvernduð svæði taka þar við í landslaginu. Þar sem hraunjaðarinn er enn að mestu leyti heill leggur Umhverfisstofnun til að því hrauni verði hlíft við frekari raski, en samkvæmt 37. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999 skal forðast röskun á eldhrauni eins og kostur er. Jaðarinn setur mjög sterkan svip á svæðið og eykur útivistagildi hverfisvernduðu svæðanna. Þar sem hljóðmanir virðast ráðgerðar við hraunjaðarinn væri æskilegt að þær falli sjónrænt vel við hraunið og valdi sem minnstu raski á því.

Þar sem brautir fyrir torfæruhjól eru fyrirhugaðar, eru margar hraunmyndanir og sprungur. Haga má framhvämdum og útfærslu brauta þannig að sem minnstur skaði verði á þessum einkennum landslagsins.

### **Loftgæði**

Þegar keppt er á þurrum malarbrautum getur orðið veruleg rykmengun. Umhverfisstofnun telur því að mestu áhrif á loftgæði geti verið frá malarbrautum á svæðinu. Framkvæmdaraðili segist hins vegar ætla að velja efni með tilliti til þess að sem minnst rjúki úr því við keppni auk þess sem búnaður verður til staðar til að vökva brautirnar. Ef það gengur eftir telur Umhverfisstofnunin ekki að áhrif á loftgæði verði umtalsverð.

Umhverfisstofnun telur að ekki hafi verið sýnt fram á að jarðvegsmanir hefti eða takmarki ryk sem þyrlast upp við æfingar eða keppni á akstursbrautum. Það ryk fer sína leið hvort sem manir eru til staðar eða ekki. Hinsvegar skapa jarðvegsmanirnar skjól á brautinni og því fýkur síður úr brautum þegar hvasst er í veðri og að því leyti hafa manirnar jákvæð áhrif á loftgæða.

### **Vatnsgæði**

Undir kapelluhrauni eru grunnvatnsstraumar sem virðast liggja frá Kaldárbotnum út í Straumsvík. Ólíumengun í tengslum við aksturstaði og hugsanleg blýmengun frá skotæfingarsvæði á greiða leið í gegnum gljúpt hraunið. Samkvæmt tilkynningu um þessa framkvæmd er áætlað að hafa ákvæði um mengunarvarnir í bæði framkvæmdarleyfi og starfsleyfi, og að tryggja öflugt eftirlit með þeim. Umhverfisstofnun telur það nauðsynlegt til að hindra/takmarka mengun á grunnvatni svæðisins.


### **Forvörn við utanvegaakstri**


Utanvegaakstur hefur aukist síðustu ár, og þá ekki síst vegna tilkomu torfæru- og fjórhjóla, en hann er bannaður skv. 17. gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Það er til bóta að hanna sérstök svæði þar sem akstursípróttir eins og akstur torfæruhjóla getur átt sér stað. Umhverfisstofnun er hlynnt því að sérstök svæði séu úthlutað fyrir akstursípróttir, að því gefnu að viðeigandi mótvægisáðgerðir eru viðhafðar til að lágmarka umhverfisáhrif.

### **Niðurstaða**

Með hliðsjón af áhrifum framkvæmdarinnar á óraskað hraun og á hljóðvist aðliggjandi íbúðarsvæða, sbr. athugasemdir hér að framan, telur Umhverfisstofnun líkur á að framhvämdin kunnir að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllt

  
Asgeir Björnsson  
Sérfræðingur

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri